

MÓTTEDIÐ  
21. júní 2021  
Norðurling

Norðurling

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingafulltrúi

Ketilsbraut 9

640 Húsavík

Reykjavík, 14. júní 2021

Tilvísun: 201805001 / 3.4

## Efni: Deiliskipulag iðnaðarsvæði I3 við Núpsmýri, Öxarfirði, Norðurling

Norðurling hefur, með erindi dags. 27. apríl 2021 (móttekið 4. maí), sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 12. mars 2021. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn, þann 20. apríl 2021.

Athugasemdir bárust frá Gunnar Einarssyni og Samherja, á kynningartímanum auk umsagna frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiefirliti Norðurlands eystra, Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruverndarnefnd Þingeyginga.

Í deiliskipulaginu felst að á 5,6 ha svæði er gert ráð fyrir fiskeldisstöð á tveimur byggingareitum. Heildarbyggingamagn verður samtals 24.287 m<sup>2</sup>. Heimilt er að byggja 5-8 ný eldisker, 100-200 m<sup>2</sup> hreinsistöð og 1.500 m<sup>2</sup> seiðaeldisstöð. Þá er gert ráð fyrir niðurrifi hluta þeirra mannvirkja sem þegar eru á svæðinu og gerð jarðmana meðfram vegi. Hámarkshæð bygginga verði 14 metrar, en hæð sílóa geti verið allt að 20 metrar.

Framkvæmdin fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum og liggur fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu dags. 9. júní 2017.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. 9. apríl 2021 og á uppdrætti í mkv. 1: 1000 dags. 9. apríl 2021.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn en getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsins vegna eftirfarandi atriða sem þarf að skýra nánar og lagfæra:

Í umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu kom fram að eðlilegt og æskilegt væri að afmörkun deiliskipulagsins nái einnig utan um stofnlagnir sbr. gr. 5.3.1. í skipulagsreglugerð og settir viðeigandi skilmálar, þar sem um er að ræða innviði sem eru forsenda reksturs á svæðinu. Stofnunin bendir á að ef ekki er gert ráð fyrir stofnlögn vatnsveitu/sjólögn innan deiliskipulagsmarka, sbr. það sem kemur fram í svörum sveitarstjórnar við bæði umsögn Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar, er æskilegt að samningar um afnot aðliggjandi lands liggja fyrir áður en leyfi til framkvæmda eru gefin út og sett fram ákvæði þess efnis í deiliskipulaginu.

Í kafla 1 í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir stækkun eldisrýmis úr 28.000 m<sup>3</sup> í 48.000 m<sup>3</sup>. Þetta er í ósamræmi við uppgafið magn í tilkynningargögnum vegna framleiðsluaukningar, en þar kemur fram að eldisrými stækki úr 20.000m<sup>3</sup> í 42.000m<sup>3</sup>. Þetta þarf að skýra.

Bent er á að sækja þarf um undanþágu frá d-Ið 5.3.2.5. gr. Skipulagsreglugerðar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Óljóst er í niðurlagi kafla 4.4.3. hvort það hafi verið gert, eða hvort hér sé



jafnvel átt við undanþágu Vegagerðar eða leyfi vegna framkvæmda innan veghelgunarsvæðis. sbr. 32. gr. Vegalaga.

Einnig bendir stofnunin á að gera þarf eftirfarandi lagfæringar á skipulagsgögnum:

- Gera þarf betur grein fyrir einstakra mannvirkjum, m.a. þeim sem heimilað er að fjarlægja auk þess að gera þarf betur grein fyrir fyrirhuguðum mannvirkjum á hvorum byggingareit og setja skilmála þar um.
- Fram kemur að um sé að ræða þekkt jarðskjálftasvæði. Merkja þarf inn þekktar sprungur inn á uppdrátt ef það á við.
- Setja þarf fram skýringar fyrir brúna, óbrotna línu sem liggur nærri minjum innan byggingareits 1.
- Gera þarf greinarmun á annars vegar skipulagsmörkum og hins vegar lóðamörkum á uppdrætti, þrátt fyrir að núverandi lóðamörk fylgi skipulagsmörkum.
- Merkja þarf staðsetningu borhola inn á uppdrátt og gera grein fyrir fjölda þeirra.

Beðist er velvirðingar á þeirri töf sem orðið hefur á afgreiðslu erindisins.

  
Sigríður Björk Jónsdóttir